

Vettvangur

fríðar- og afvopnunarmálum er taki mið af þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu og varnarsamstarfinu við Bandaríkjamenn annarsvegar og sífelldri úþpenslu sovéska herflotans á Norður-Atlantshafi hinsvegar.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur sem fyrr áherslu á nauðsyn þess að brotist sé út úr þeim þróngu skorðum, sem einhæft atvinnulíf hefur sett þjóðinni. Það er kjarninn í þeirri breyttu efnahagsstefnu sem mótuð var við stjórnarskiptin á s.l. ári. Erfiðleikarnir nú eiga rætur sínar að rekja til þess, að ekki var safnað í verðjöfnunarsjóði í góðærunum og sjávarútveginum skapaður traustur rekstrargrundvöllur, sem öll efni stóðu til að gert væri. Það þrengir svigrúmið nú til að mæta áföllunum, að utanríkisverslunin hefur verið rekin með halla öll árin síðan 1971 nema eitt, árið 1978, og erlendar skuldir þjóðarinnar hafa vaxið jafnt og þétt. Á verðbólguáratugnum varð gífurleg eignatilfærsla í þjóðfélaginu, sem gróf undan siögæðisvitund, ruglaði verðmætamati og ýtti undir óarðbæra fjárfestingu, en hagræðing og almenn vöruþróun sat á hakanum.

Við stjórnarskiptin á s.l. ári var verðbólgan um 130%, lífskjör höfðu farið versnandi og verulegt atvinnuleysi blasti við nema söðlað væri um í stjórn efnahagsmála. Þó tókst að skapa atvinnuvegunum viðunandi rekstrargrundvöll með fjölþættum ráðstöfunum sem tóku til allra þátta efnahagslífsins. Full atvinna hélst en óhjákvæmilegt var að viðurkenna að lífskjörin væru þegar skert og að rjúfa víthring vxlhækkana kaupgjalds og verðlags. Árangurinn hefur ekki látið á sér standa á ýmsum sviðum iðnaðar og þjónustu. Á hinn bóginn varð til nýr vandi í sjávarútveginum sem gerir nauðsynlegt að hann lagi sig að breyttum aðstæðum og að arðsemissjórnarmíð verði meir ráðandi en verið hefur í rekstri og fjárfestingu. Traust stada framleiðsluatvinnuveganna er grundvöllur heilbrigðrar byggðastefnu.

Það er ljósasti votturinn um árangur efnahagsráðstafana ríkisstjórnarinnar, að á síðustu tveim misserum hefur ríkt meiri stöðugleiki í efnahagsmálum en uppaxandi kynslóð Íslands hefur þekkt í meir en áratug. Það getur verið mönnum umhugsunarefni og ekki síður hitt hvaða gildi það hefur í uppeldislegu tilliti. Frá efnahagslegu sjónarmiði ræður áframhaldandi stöðugleiki úrslitum um samkeppnishæfni atvinnuveganna og er forsenda þeirrar nýsköpunar, sem ein getur staðið undir vaxandi kaupmætti í framtíðinni. Fyrir launafólk er mikilsvert að frá síðustu áramótum, eða eftir að stöðugleikans fór að gæta, hefur almennt vöruverð og hækkun launa nánast haldist í hendur og hagar hinna verst settu verið bættur sérstaklega. Við lausn kjaradeilanna nú er knýjandi að samningsaðilar einbeiti sér að því að finna leiðir til að varðveita kaupmátt án nýrrar verðbólgu, enda séu skattalækkarnir og auknið aðhald í fjármálum ríkis og sveitarfélaga liður í þeirri lausn. Þjóðarsátt á þessum grundvelli yrðu farsælar lyktir þeirrar kjaradeilu, sem nú ógnar afkomu allra landsmanna.

Á umbrotatímum er það hlutverk Sjálfstæðisflokksins að vera kjölfesta í þjóðmálumræðu og byggja brýr milli stétta og hagsmunahópa. Flokksráðs- og formannafundurinn treystir því að þingmenn og ráðherrar flokksins fylgi fram þessu meginhlutverki Sjálfstæðisflokksins.

Steinnunn Marteinsdóttir:

„MENNINGAR-
PAKKIÐ“
LOKAÐ ÚTI

■ Laugardaginn 27. október er hundruð þrúðbúinna manna dreif að til að vera við opnun myndlistarsýningar Steinunnar Marteinsdóttur að Kjarvalsstöðum stóð fileldur flokkur verkfallsvarða B.S.R.B. í dyr- og meinaði fólki inngöngu. Urðu sýningargestir að vonum ókvæða við og lá við stympingum.

Á Kjarvalsstöðum hefur allt verið í hers höndum sökum verkfallsins. Sýningar hafa ríðlast og framleging sýninga er óframkvæmanleg nema í mjög litlum mæli vegna þess hve húsið er pantað langt fram í tímann.

Um þessar mundir eru Katrín Ágústsdóttir og Sverrir Ólafsson með sýningar í húsinu og verða þau mjög illlega fyrir barðinu á þessu ástandi. Öft liggur margra ára vinna að baki hveirrar sýningar og kostnaður er mikill við að setja upp og halda hverja sýningu og eiga listamennirnir fjárhagslega framtíð næstu ára undir því hvernig til tekst.

Þetta var leiðinda klúður að þessi uppákoma skyldi verða.

Ákveðið var í byrjun síðustu viku að reyna að opna mína sýningu um helgina í þeirri von að verkfallið yrði leyst. Ég lét prenta boðskort og vinir mínir dreifðu þeim með ærinni fyrirhöfn.

Mjög hefur verið loðið hvað mætti gera í þessu húsi og hvað ekki. Listamönnum þeim, sem voru með sýningar í húsinu

þegar verkfall skall á var leyft að ljúka sínum sýningum. Bæði myndlistamönnum og Alþýðuleikhúsinu, sem hefur verið með áfingar, var leyft að vinna í húsinu.

Á föstudag vissi ég ekki betur en að þessi opnun yrði leyfð en seint um daginn kom afdráttarlaust afsvar frá verkfallsnefnd B.S.R.B. Samt sem áður trúði ég ekki mínum eigin augum þegar heilt herfylki verkfallsvarða umkringdi Kjarvalsstaði rétt fyrir opnun.

Gengi myndlistarsýninga ræðst oft að miklum mæli af því hve opnun tekst. Þarna dreif að hundruð manna og margir vana minna stóðu þarna fyrir utan með blóm til að samgledjast mér á þessum degi.

Ég er persónulega mjög reið og sár út af þessum vinnubrögðum verkfallsnefndar B.S.R.B. og ég tel t.d. að það hefði engu máli skipt fyrir „prinsíp“ vinnubragða þótt þessi hersveit hefði verið send nokkrum tímum seinna og ekki eyðilagt fyrir með opnunina. Það að ofsækja myndlistarmann, sem er að opna sýningu er ekki til þess fallið að verkja samúð með verkfallsaðgerðum enda heyrðist mér á tali verkfallsvarða við húsið að þeir mættu vera betur upplýstir um forsendur þessara aðgerða. Voru margir þeirra mjög samúðarfullir í minn garð. Mér heyrðist samt sumir þeirra fá eitthver „kikk“ út úr því að loka úti „menningarpakkíð“

eða „loka buddunum“ – svo-leiðis tónn, en ég held að flestir þeirra hafi ekki skilið „prinsíp“ þessarar aðgerðar frekar en ég. Skil ég þetta ekki öðruvísi en aðgerðir manna sem njóta þess að sýna vald, enda hafði verkfallsvarsla B.S.R.B. dyggan stuðningsmann innan veggja hússins á fullu kaupí frá borginni í háum launaflokki.

Litlir Stalínar og Hitlerar eru hættulegir á gerræðistímum.

Af sýningu minni er það að segja að hún verður opnuð fólki strax og verkfall leysist og önnur formleg opnun verður á vegum Kjarvalsstaða laugardaginn 3. nóvember. Er ég mjög þakklát aðstu stjórn Kjarvalsstaða fyrir velvild í minn garð í þessu máli. Ég hef vandað mjög til þessarar sýningar og meðal annars fengið Kristinn Daníelsson, ljósameistara Þjóðleikhússins, til þess að sérlýsa hana, sem hann hefur gert af sinni alkunnu snilld. Fékk ég til þess lánaða alla ljóskastara sem voru á búvörusýningunni og kann ég þeim aðilum kærar þakkar. Einnig lét ég skipta salnum niður með gashengjum í stað sinna hefðbundnu skilríma.

Að lokum vil ég bera kveðju mína og þakklæti til allra þeirra sem mættu við þessa sögulegu opnun og vona að þeir láti sjá sig aftur þegar um hægist en sýningin stendur til 18. nóvember.

NT
TÍMINN

Málsvari frjálslyndis, samvinnu og félagshyggju
Útgefandi: Nútíminn h.f.
Framkvæmdastjóri: Sigurður Skagfjörð
Sigurðsson
Markaðsstjóri: Haukur Haraldsson
Ritstjóri: Magnús Ólafsson (ábm).
Fréttastjóri: Kristinn Hallgrímsson
Innbládstjóri: Oddur Ólafsson
Tæknistjóri: Gunnar Trausti
Guðbjörnsson
Skrifstofur: Síðumúli 15, Reykjavík.
Sími: 686300
Auglýsingasími: 18300
Kvöldsímar: 686387 og 686306
Verð í lausasölu 25 kr. og 30 kr. um helgar.
Áskrift 275 kr.
Setning og umbrot: Tæknideild NT. Prentun: Bláaprent h.f.

Gloppurnar
í kerfinu

■ Allar götur frá því NT kom fyrst út í vor, hefur blaðið reynt að vekja athygli á og vara við afleiðingum þeirrar aukningar, sem hefur orðið á neyslu vímuefna á Íslandi. Blaðið hefur birt reglulegar fréttir af sakamálum tengdum eiturlyfjarmarkaðinum og gert ítarlegar úttektir á þessum málaflokki. Í blaðinu hafa þá m.a. birst víðtöl við forfallna eiturlyfjaneytendur á barnsaldri og sölu-menn hættulegra efna. Jafnframt hefur blaðið bent á hversu illa stjórnvöld hafa sinnt vörnum á þessu sviði bæði hvað fyrirbyggjandi menntun og eftirlit varðar.

Nú síðast hefur blaðið reynt að athuga hve auðvelt það reynist að útvega sér vímuefni gegnum hið innlenda lyfjasölukerfi. Frá þessu var sagt ítarlega í NT fyrir helgi og voru niðurstöður rannsóknarinnar vægt sagt athyglisverðar.

Rannsóknin var framkvæmd þannig að nokkrir blaðamenn á NT tóku sér læknisnafn og hringdu í nokkur apótek borgarinnar þaðan sem þeir pöntuðu lyf. Lyfin fengust afgreidd, og eftir að hafa leyst þau út, gengu blaðamenn á fund landlæknis þar sem þeir afhentu lyfin og óskuðu skýringa á þessari „gloppu í kerfinu“.

Viðbrögð landlæknis voru þau, að kæra blaðamennina til ríkissaksóknara, og er málið nú í höndum Rannsóknarlögreglu ríkisins. Var Rannsóknarlögreglunni falið að rannsaka málið með tilliti til 157. og 158. gr. almennra hegningarlaga um skjalafals, og hugsanlega 116. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Það þýðir, að auk þess að vera kærðir fyrir hreint skjalafals kemur til álita hvort blaðamenn NT hafi gerst sekir um að hafa „tekið sér opinbert vald, sem þeir ekki hafa“.


Þessi rannsókn NT og viðbrögð yfirvalda eru athyglisverð.

Í fyrsta lagi kemur í ljós að með lítilli sem engri fyrirhöfn getur hver sem er náð sér í ólögleg vímuefni.

Í öðru lagi eru viðbrögð yfirvalda eftirtektarverð. Þegar blaðamenn NT koma til þeirra strax og brotið hefur verið framíð og játa þannig á sig glæpin, fá þeir á sig ákæru og yfirheyrslur hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Væntanlega mun síðar dómur fylgja í kjölfarið með tilheyrandi afleiðingum varðandi t.d. sakavottorð. Ef viðkomandi blaðamenn myndu t.d. sækja um skólavist, þar sem krafist er sakavottorðs, kæmi í ljós að sá hinn sami hefði verið dæmdur fyrir skjalafals. Hvergi mun koma fram, að hann hefði verið að þessu til að hjálpa yfirvöldum til að koma í veg fyrir lögbrot, en það er vitað að leið sú sem blaðamenn NT fóru, er algeng.

Að vísu bjuggust blaðamenn NT ekki við lofsyrðum, en að minnsta skoti einhvers konar þakklæti fyrir að benda á gloppur í kerfinu sérstaklega þegar það er haft í huga að við bendum einnig á hvernig megi koma í veg fyrir þær.

Gloppurnar í kerfinu reyndust þannig vera tvenns konar. Í fyrsta lagi að það skyldi vera svo auðvelt að ná sér í vímuefni og í öðru lagi, að þeir sem hjálpa yfirvöldum til að koma í veg fyrir þennan leka, skuli verða dæmdir fyrir vikið.



■ Steinunn Marteinsdóttir ásamt nokkrum verka sinna.